

Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins lagðar fyrir ársfund 24. apríl 2013.

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með rauðu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og yfirstrikun.

Samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins

9.15.

Greiði sjóðfélagi af hærri mánaðarlaunum árslaunum en 12 milljónum kr. til sjóðsins skal endurgreiða til frjálsrar séreignar sjóðfélagsins þann hluta iðgjalda hans sem greiddur hefur verið til framreiknings örorku- og makalífeyrstryggingar umfram viðmiðunarmörk, sbr. grein 11.3 og töflu T3. Endurgreiðslan skal fara fram fyrir lok júlí og miðast við innborguð iðgjöld vegna iðgjaldatímabila næstliðins árs. Framangreind viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers mánaðar árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2.

11.3.

Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér frá orkutapi með greiðslu iðgjalds til 65 ára aldurs og bæta við áunninn örorkulífeyrisrétt. Við framreikning réttindaöflunar skal reikna með meðaltali innborgaðra iðgjalda til lágmarks-tryggingaverndar sem renna til tryggingadeildar næstu þriggja ára á undan því ári sem orkutap átti sér stað. Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum ~~í neinum mánuði~~ en greidd hefðu verið af 12 milljón kr. mánaðarlaunum árslaunum, sbr. grein 9.15. Viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers mánaðar árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.

Rökstuðningur við gr. 9.15 og 11.3.

Samkvæmt núverandi ákvæðum samþykktanna fá sjóðfélagar sem greiða í einhverjum mánuði lágmarksiðgjald af hærri mánaðarlaunum en 1,5 milljón kr.¹ greiðslur úr tryggingadeild í séreignardeild þar sem að framreiknuð réttindi vegna örorkulífeyris miðast við að hámarki lágmarksiðgjöld af 1,5 millj. kr. mánaðarlaunum. Þar sem að viðkomandi sjóðfélagar fá ekki framreiknaða örorkutryggingavernd í samræmi við greidd iðgjöld þá fá þeir endurgreiðslur úr tryggingadeild í séreign sína.

Rökin fyrir ákvæðinu er að verja almenna sjóðfélaga fyrir örorku sjóðfélaga, sem eru hálaunaðir, og myndu leiða til hárra örorkulífeyrisgreiðslna, auka verulega skuldbindingar sjóðsins og hafa neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu hans. Breytingartillagan felur í sér að þegar tekið er út hvort sjóðfélagi falli innan þess hóps sem fær greiðslur úr tryggingadeild í séreignardeild verði miðað við heildargreiðslur lágmarksiðgjalds sjóðfélaga allt árið en ekki við greiðslur hvers mánaðar fyrir sig. Með því móti er komið í veg fyrir að sjóðfélagar sem t.d. greiða iðgjöld einu sinni á ári fyrir allt almanaksárið eða greiða mishá iðgjöld mánaðarlega yfir almanaksárið, falli í viðkomandi hóp enda þótt mánaðarlaun ársins séu að meðaltali lægri en 1,5 milljón kr.

¹Samkvæmt samþykktum er fjárhæðin 1 milljón kr. en hún uppfærast árlega m.v. vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og var í byrjun árs 2013 rúmlega 1,5 milljón kr.